



Skotíþróttasamband Íslands

Icelandic Shooting Sports Federation

Engjavegi 6 - 104 Reykjavík - Iceland

Kt: 470483-1139 Tel: +354 8931231

Fax: +354 5448795 sti@sti.is www.sti.is

Til allra aðildarféлага STÍ

Reykjavík, 15.janúar 2013


Breytingar á reglum ISSF hafa nú tekið gildi og eru í meginatriðum samkvæmt neðangreindu. STÍ á von á nýju reglubókunum mjög fljótlega og getið þið pantað þær hjá okkur og við sendum ykkur um leið og þær berast.

- **Öryggisflögg.** Notkun á öryggisflöggum verður nú skilyrt til að sýna að byssur séu óhlaðnar ef um er að ræða hálfsjálfvirkar haglabyssur, skammbyssur og rifla.
- **ISSF fatakódi.** Skyld verður að fara eftir honum. Á það við um t.d. að bannað er að vera í gallabuxum, camo-lituðum fatnaði ofl.
- **Byrjað á núlli í final.** Stærsta breytingin er að nú byrja allir á núlli í final, þ.e. skorið í undankeppninni fylgir ekki með í úrslitin.
- **Prufuskot í 10m og 50m greinum.** Það verður 15 mínútna undirbúningstími, þar sem leyfilegt verður að skjóta prufuskotum áður en keppnin hefst. Engin prufuskot verða leyfileg eftir þennan undirbúningstíma.
- **Final í 10m og 50m.** Skotnar eru fyrst tvær 3ja skota hrinur, 150 sek á hvora seríu. (100 sek í prone) Síðan taka við 14 skot og er gefinn tími 50 sek á skot, (30 sek í prone) sem telja þannig að eftir 8. skot er síðasti keppandi felldur út. Síðan eftir hver 2 skot er einn keppandi felldur út þar til tveir standa eftir í keppni um gullið í síðustu tveimur skotunum. Alls eru því skotin 20 skot í final. Samkvæmt reglunum á að nota 10 stk elektrónísk skotmörk ef halda á final ! Þannig að enn sem komið er er slíkt ekki framkvæmanlegt hérlendis.
- **Tímamörk í 10m og 50m skammbyssu.** Keppnistíminn í eftirtöldum greinum breytist þannig:

Loftskammbysa karla:	Var 105 mínútur	Verður: 75 mínútur
Loftskammbysa kvenna:	Var 75 mínútur	Verður: 50 mínútur
Frjáls skammbysa:	Var 120 mínútur	Verður: 90 mínútur
- **Tímamörk í riffilgreinum.** Keppnistíminn í eftirtöldum greinum breytist þannig:

Loftrifill karla:	Var 105 mínútur	Verður: 75 mínútur
Loftrifill kvenna:	Var 75 mínútur	Verður: 50 mínútur
60sk Enskur riffill, “prone”	Var 75 mínútur	Verður: 50 mínútur
- **Skotskór.** Ekki má nota sérstaka skotskó í 60sk enskum riffli, “prone”
- **Skotbuxur.** Ekki má nota skotbuxur í 60sk Enskum riffli, “prone”

- **Skeet fluglengd.** Vegalengdin sem kastvélin kastar er aukin um 2 metra, verður nú 68,0 metrar +/- 1,00 m, úr 66,00m +/- 1,00 m.
- **Skeet hringur breytist.** Röðin á dúfunum breytist þannig að stöku dúfurnar eru skotnar á palli 4 skv. venju en eftir pall 7 er farið aftur á pall 4 og skotin dobblin. Síðan farið á pall 8.
- **Skeet final breytist.** Efstu sex í undankeppninni fara í final. Þar eru fyrst skotin öfugt og venjulegt dobbl á pöllum í þessari röð: 3-4-5-4 eða alls 16 dúfur. Neðstu tveir detta þá út en þriðji og fjórði skjóta annan final um bronsið og fyrsti og annar skjóta um gullið. Þetta þýða því 3 finalar.
- **Augnvernd.** Keppendur og dómarar verða skyldaðir til að nota hlífðargleraugu.
- **Þjálfun.** Ekki verður nú leyft að þjálfari gefi keppanda ráð í haglabyssukeppni.
- **Hliðarhlífar.** Hlífar verða leyfðar í skeet allt að 60 mm.
- **Brotatalning í riffli.** Á heimsbikarmótunum 2013 verður talið í brotum í undankeppninni einsog í final. Ekki er þess krafist af landssamtökum eða klúbbum að þeir fylgi þeirri reglu. Reynsla ársins verður látin ráða hvort þessari reglu verði einnig beytt í skammbyssugreinunum í framtíðinni.
- **Reglur STÍ.** Hérlandis munum við fara eftir reglunum einsog unnt er. STÍ hefur þó gefið út reglur sem varðar fatnað skotmanna og eru þær aðgengilegar á heimasíðu STÍ. Eins mun STÍ útfæra reglurnar ef með þarf fyrir íslenskar aðstæður.



Guðmundur Kr. Gislason
Framkv.stj.STÍ

